

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga eftirfarandi deiliskipulagsáætlunar.

1. Deiliskipulagsbreyting – Árstjörn Selfossi.

Bæjarráð Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 8. júlí 2021 að auglýsa tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir Árstjörn Selfossi. Breytingin tekur til stækkunar á byggingarreit og fjölgun íbúða úr 20 í 23.

Samkvæmt 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst niðurstaða bæjarstjórnar.

2. Aðalskipulagsbreyting – Árbakkaland.

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 28. apríl 2021 tillögu að aðalskipulagsbreytingu fyrir Árbakkaland. Megin viðfangsefni breytingarinnar er að stækka íbúðasvæði til að skapa fjölbreyttari og líflegri möguleika fyrir íbúðasvæði í góðum tengslum við útivistarsvæði og Ölfusá.

Samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst niðurstaða bæjarstjórnar.

3. Deiliskipulagsbreyting – Miðbær Selfoss.

Bæjarráð Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 8. júlí 2021 tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir miðbæ Selfossar. Helstu breytingar eru að nokkrar götur fá ný heiti, c- gata fellur út af skipulagi og lóðamörkum og húsnúmerum er víða breytt. Bílastæðahús aftan við Eyraveg 3-7 er stækkað og inn- og útkeyrsla er frá Kirkjuvegi. Heimilt er að hafa bílastæðahús hálfniðurgrafið. Einstefnu er breytt á Miðstræti og verður frá austri til vesturs. Bílakjallari á Miðstræti 6 er stækkaður undir allan byggingarreitinn.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammí á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is

Mál nr. 1 – Deiliskipulagsbreyting – Árstjörn Selfossi er auglýst með athugasemdafresti frá 11.08.2021 til og með 22.09.2021. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 22.09.2021.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið skipulag@arborg.is

Virðingarfyllst,

Anton Kári Halldórsson
skipulagsfulltrúi